



Aðalfundur 2024

Framboð til bankaráðs
og tilnefning í
endurskoðunarnefnd

19. apríl 2024

Landsbankinn hf.

Aðalfundur 2024

Framboð til bankaráðs og tilnefning í endurskoðunarnefnd

Bankasýsla ríkisins hefur tilkynnt um framboð eftirtalinna einstaklinga í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

Aðalmenn

Jón Þorvarður Sigurgeirsson

Jón Þorvarður Sigurgeirsson er fæddur árið 1962. Hann er efnahagsráðgjafi menningar- og viðskiptaráðherra. Jón lauk cand.oecon námi frá Háskóla Íslands 1986 og prófi í verðbréfamíðlun 1988. Jón hóf störf hjá Seðlabanka Íslands 1986. Hann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóða- og markaðsviðs og erlendra viðskipta frá árinu 1994 og síðar sem framkvæmdastjóri alþjóðasviðs 2002-2006. Hann var forstöðumaður skrifstofu seðlabankastjóra og framkvæmdastjóri alþjóðasviðs 2008-2019. Þá starfaði Jón hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington DC í samtals átta ár, þar af sem fulltrúi Norður- og Eystrasaltslanda í stjórn sjóðsins um sex ára skeið, 2006-2008 og 2019-2023. Jón var stjórnarmaður í Bankasýslu Grikklands (Hellenic Financial Stability Fund, HFSF) 2015-2019 og sat um skeið í stjórn Fjármálaeftirlitsins á árunum 2009-2011. Jón var einnig stjórnarformaður Eignasafns Seðlabanka Íslands 2012-2017 og sat í framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta og lausn á vanda slitabúanna 2014-2015. Jón á sæti í stjórn Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi frá 2023 og situr í verkefnisstjórn um úrvinnslu eignasafns ÍL-sjóðs. Þá hefur hann tekið þátt í störfum fjölda nefnda og vinnuhópa, bæði á alþjóðlegum og innlendum vettvangi, varðandi laga- og reglusetningu á sviði fjármálamarkaðar.

Eva Halldórsdóttir

Eva Halldórsdóttir er fædd árið 1979. Hún er framkvæmdastjóri og einn eigenda lögmennsstofunnar LLG Lögmenn. Eva lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2004 og LL.M. gráðu frá lagadeild Stanford-háskóla árið 2014, með áherslu á stjórnarhætti fyrirtækja. Eva öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi 2005 og fyrir Landsrétti 2023. Þá hefur Eva lokið prófi í verðbréfamíðlun. Eva hóf störf hjá LLG Lögmönnum (áður Lögmenn Lækjargötu) árið 2014 og hefur verið í eigendahópi félagsins frá 2018. Á árunum 2004-2012 starfaði hún sem lögmaður og síðar forstöðumaður váttryggingasviðs hjá Okkar líftryggingum. Hún er formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, nefndarmaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema og sinnir stundakennslu við Háskólann á Bifröst. Eva hefur gegnt ýmsum stjórnar- og trúnaðarstörfum. Hún hefur t.a.m. setið í stjórnnum Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, Glyms, TM trygginga, TM líftrygginga og Raufarhólshellis. Þá á hún sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands og hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir Knattspyrnufélagið Val og Knattspyrnusamband Íslands.

Kristján Þ. Davíðsson

Kristján Þ. Davíðsson er fæddur árið 1960. Hann er eigandi og stjórnarmaður Viðskiptaþróunar sem starfar á sviði ráðgjafar innan sjávarútvegs á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Kristján er með meistara-gráðu í Sjávarútvegsfræðum frá Arctic University of Norway frá 1987 og skipstjórnarpróf frá Stýri-mannaskólanum 1980. Kristján var framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva 2017-2018, framkvæmdastjóri skilanevndar Glitnis 2008-2009 og forstöðumaður sjávarútvegsteymis og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis 2001-2003 og 2005-2008. Árin 2003-2005 var Kristján forstjóri/aðstoðarforstjóri HB Granda 2003-2005 og sölustjóri hjá Marel 1994-2000. Kristján hefur setið í stjórnnum margra fyrirtækja um árabíl og situr nú í stjórn Brims sem stjórnarformaður, Marine Stewardship Council, SOS Barnaþorpanna, Snerpu, ISDER og First Water. Áður hefur hann um árabíl setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, m.a. í bankaráði Landsbankans 2011-2015, Völku, Olivita, Vöku, Corporacion Pesquera Inca, Salar Islandica, Almenna lífeyrissjóðsins, Sjóækni og Pólar toghlera. Þá hefur hann verið ræðis-maður Brasilíu á Íslandi síðan 2011 og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á sviði sjávarútvegs.

Rebekka Jóelsdóttir

Rebekka er fædd árið 1981. Hún er fjármálastjóri og staðgengill forstjóra Mílu. Rebekka lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2005 og MCF-gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2015. Þá lauk hún prófi í verðbréfavíðskiptum 2006. Á árunum 2018-2023 starfaði Rebekka sem forstöðumaður Hagdeildar hjá Marel og 2014-2018 var Rebekka fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands. Áður starfaði Rebekka meðal annars hjá Arion banka í fyrirtækjaráðgjöf og endurskipulagningu og hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sem verðbréfamiðlari og við ýmis önnur störf. Rebekka hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga í tengslum við störf sín hjá Framtakssjóði Íslands og ber þar helst að nefna Icelandic Group og tengd félög. Einnig sat hún um tíma í stjórn Landsels og Sements-verksmiðjunnar í tengslum við störf sín hjá Arion banka.

Steinunn Þorsteinsdóttir

Steinunn er fædd árið 1976. Hún er eigandi Auðsýnar og starfar sem sjálfstæður ráðgjafi. Steinunn lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2002 og er með meistara-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Chalmers University of Technology 2006. Þá hefur hún lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Steinunn starfaði hjá Mannviti 2018-2023, lengst af sem sviðsstjóri innri þjónustu og bar meðal annars ábyrgð á sjálfbærni, mannauðsmálum, gæðamálum og nýsköpun. Á árunum 2016-2018 starfaði Steinunn hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri sem verkefnastjóri í alþjóðlegum verkefnum. Steinunn starfaði hjá Íslandsbanka 2007-2016 og verkefnastýrði þar m.a. fjárhagslegri endurskipulagningu bankans. Hún var gæðastjóri Íslandsbanka 2012-2016 og áður verkefnisstjóri innan áhættustýringar hjá bankanum.

Þór Hauksson

Þór er fæddur árið 1972. Þór lauk BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1995 og MA-prófi í stjórnmála- og Evrópuhagfræði frá University of Hull 1998. Þá lauk hann MBA-prófi með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2007 og hefur að auki lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Þór var framkvæmdastjóri hjá fiskvinnslufélaginu Von 2019-2023, forstöðumaður hjá fyrirtækjaráðgjöf Deloitte 2014-2019, framkvæmdastjóri Burðaráss 2013-2014 og starfaði hjá Framtakssjóði Íslands 2010-2013. Áður var Þór hjá Skiptum, Straumi fjárfestingarbanka og Kaupþingi. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, meðal annars Valitors, Vodafone, Advania, N1, Icelandic Group, Húsasmiðjunnar, Vestia, Invent Farma og fleiri félaga. Þá var Þór var formaður starfshóps um uppskiptingu Íbúðalánasjóðs og í kjölfarið formaður fjárfestingarráðs ÍL-sjóðs.

Örn Guðmundsson

Örn Guðmundsson er fæddur árið 1972. Hann er framkvæmdastjóri COWI Ísland (áður Mannvit) og hefur víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Örn lauk cand.oecon prófi frá Háskóla Íslands 1996 og MSc-gráðu í alþjóðlegum viðskiptum frá Copenhagen Business School 1998. Örn var fjármálastjóri Mannvits 2015-2018 og starfaði um árabíl fyrir skilanevnd Kaupþings, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Örn hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja á Íslandi og erlendis í tengslum við störf sín, m.a. í stjórn Skjásins, Klakka og Skipta.

Varamenn

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir er fædd árið 1973. Hún er forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Avalanche Studios Group í Svíþjóð og hefur gegnt því starfi frá árinu 2023. Stefanía lauk BSc-gráðu í landfræði 2000 og MSc-prófi í umhverfisfræði frá Háskóla Íslands 2005. Stefanía starfaði hjá CCP Games 2010-2017 á Íslandi og í Shanghai og var síðast framkvæmdastjóri CCP á Íslandi 2016-2017. Á árunum 2018-2020 gegndi Stefanía starfi framkvæmdastjóra markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun. Hún var framkvæmdastjóri hjá Eyrir Venture Management 2020-2023 og stýrði þar framtakssjóðnum Eyrir Vöxtur. Stefanía átti sæti í ýmsum ráðum og nefndum á vegum Landsvirkjunar meðan hún var þar við störf, meðal annars á sviði orkuöryggismála, orkuskipta og mótun orkustefnu fyrir Ísland. Þá var hún einnig í nefndum og hópum á vegum stjórnvalda, var skipuð í verkefnisstjórn um aðgerðir vegna fjórðu iðnbyltingarinnar af forsætisráðherra og skipuð í Útflutningsráð af utanríkisráðherra. Hún hefur átt sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja á sínu starfssviði og situr nú í háskólaráði Háskóla Reykjavíkur. Stefanía hefur á undanförunum sex árum stýrt átaki á vegum ríkisstjórnarinnar í að efla máltækni, Almennarómi, sem hefur það að markmiði að vernda íslenskuna á stafrænni öld.

Sigurður Jón Björnsson

Sigurður Jón Björnsson er fæddur árið 1966. Hann lauk cand.oecon prófi af reikningshalds- og fjármála-sviði frá Háskóla Íslands 1994 og prófi í verðbréfavíðskiptum 2009. Að námi loknu starfaði hann sem aðstoðarsölustjóri Íslensk Ameríska 1995-1997. Þá gegndi hann störfum forstöðumanns fjármálasviðs, staðgengils framkvæmdastjóra og sérfræðings á sviði fjárfestinga hjá Framtaki fjárfestingarbanka 1997-2003. Hann starfaði sem forstöðumaður hagdeildar Air Atlanta 2003-2006 og var fjármálastjóri og staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Norðuráls 2006-2007. Hann var ráðgjafi í fyrirtækjaráðgjöf hjá Capacent árið 2007 og varð síðar eigandi hjá verðbréfafyrirtækinu Capacent fjárfestingarráðgjöf, síðar Centra fyrirtækjaráðgjöf. Samhliða ráðgjafarstörfum sinnti Sigurður hlutverki regluvarðar verðbréfafyrirtækisins. Sigurður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Íbúðalánasjóði á árunum 2011-2017 og bar hann þar m.a. ábyrgð á áhættustýringu sjóðsins 2011-2015. Sigurður var stjórnarformaður tæknifyrirtækisins Betware á Íslandi frá stofnun félagsins 1998 allt til sölu þess til erlendra aðila 2014. Hann hefur einnig átt sæti í stjórnnum félaganna Stoða, Íslandsflugs, Landsafls, IMSI og SPC Holding. Sigurður var kjörinn varamaður í bankaráð í apríl 2019.

Eftirtaldir einstaklingar hafa tilkynnt bankanum um framboð sitt í bankaráð:

Ásgeir Brynjar Torfason

Ásgeir Brynjar Torfason er fæddur árið 1972. Hann er ritstjóri Vísbindingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál, og er sjálfstætt starfandi fræðimaður og ráðgjafi. Ásgeir Brynjar lauk BA-prófi í heimspeki og hagfræði frá Háskóla Íslands 1999. Þá lauk hann MBA-gráðu frá Norwegian Business School í Osló 2001 og doktorsprófi í fjármálum frá Gautaborgarháskóla 2014 auk viðbótardiplóma í kennslufræði frá Háskóla Íslands 2016. Ásgeir Brynjar hefur fjölþætta starfsreynslu af fjármálamarkaði, úr opinberri stjórnsýslu og sem fræðimaður og háskólakennari við Háskóla Íslands og háskóla á Norðurlöndunum og víðar. Frá árinu 2013 starfaði hann sem kennari við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og sem lektor 2014-2019. Sem sjálfstætt starfandi fræðimaður og ráðgjafi hefur Ásgeir Brynjar unnið sérverkefni fyrir hið opinbera, alþjóðlegar stofnanir og veitt ráðgjöf, þ.m.t. haldið erindi og námskeið fyrir stjórnir lífeyrissjóða og innri endurskoðun og regluvörslueiningar fjármálastofnunar, um viðskiptasiðferði á fjármálamarkaði. Doktorsritgerð hans fjallaði um flæði peninga og reikningsskil fjármálastofnana. Ásgeir Brynjar situr í endurskoðunarnefnd stjórnar hjá Gildi lífeyrissjóði og var kosinn af Alþingi til setu í fjármálaráði sem veitir álit á opinberum fjármálaáætlunum og stefnumörkun.

Kristín Vala Ragnarsdóttir

Kristín Vala Ragnarsdóttir er fædd árið 1954. Hún er prófessor í sjálfbærnivísindum við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands en mun láta af því starfi í lok mars. Hún lauk BSc-gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1979, meistaragráðu í jarðvísindum frá Northwestern University 1981 og doktorsprófi í jarðefnafræði frá sama skóla 1984. Kristín Vala var við nám og störf í Bandaríkjunum í 10 ár og síðan við Bristol-háskóla í Bretlandi í 20 ár. Hún tók við starfi sviðsforseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands 2008. Rannsóknir hennar hafa einkennst af málefnum sjálfbærni, þ. á m. velsæld. Hún hefur kennt námskeið um umhverfisfræði, orku og auðlindir jarðar, auk námskeiða um sjálfbæra framtíð. Undanfarin tvö ár hefur hún verið ráðgjafi fyrir nýsköpunarfyrirtæki viðskiptahraðalsins KLAK hringiða þar sem unnið er að lausnum sem tengjast sjálfbærri þróun og hringrásarhagkerfinu. Kristín Vala hefur setið í ýmsum ráðgjafarnefndum Háskóla Íslands og háskólans í Bristol, í stjórn Jarðvísindastofnunar og Landsvirkjunar auk fjölda félagasamtaka á sínu starfssviði. Hún situr nú í stjórn Hringrásarsetursins.

Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd:

Hjörleifur Pálsson

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963. Hjörleifur lauk cand.oecon prófi frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar 2001-2013. Frá 2013 hefur Hjörleifur setið í stjórnnum margskonar fyrirtækja og fjárfest í og stutt við nýsköpun. Í dag er hann stjórnarmaður, formaður endurskoðunarnefndar og í starfskjaranefnd alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Lotus Pharmaceuticals & Co., sem skráð er á hlutabréfamarkað í Taívan, í stjórn Ankra (Feel Iceland), í stjórn og formaður starfskjaranefndar Festi, í stjórn Brunns vaxtarsjóðs og í stjórn Brandr Global. Hjörleifur er formaður tilnefningarnefndar Icelandair Group og formaður endurskoðunarnefndar Hörpu tónlistarhúss. Hjörleifur var um árábil formaður bæði stjórnar og háskólaráðs Háskólans í Reykjavík og er m.a. fyrrverandi stjórnarformaður Sýnar. Hann tók sæti í endurskoðunarnefnd bankaráðs í maí 2019.

Upplýsingar um hvaða aðilar í framboði eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Öll ofangreind í framboði til bankaráðs og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd eru óháð Landsbankanum hf. og stærsta hluthafa bankans. Þau eiga ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila.